



Eigendur Apóteks Suðurlands þær Ásrúnu Karlsdóttur, Bergrúnu Lindu Björgvinsdóttur og Guðmundu Þorsteinsdóttur ásamt Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra við undirritunina. Mynd: Hrunamannahreppur.

Apótek Suðurlands opnar útibú á Flúðum

Lýfsala verður opnuð á Flúðum við hlið nýrrar heilsgæslu síðar á árinu. Samningur hefur verið undirritaður milli eigenda Apóteks Suðurlands og Hrunamannahrepps um leigu á húsnæðinu að Hrunamannvegi 3 sem er í eigu sveitarfélagsins. Mun opunartími lyfjaafgreiðslunnar verða sá sami og heilsgæslunnar sem tryggir notendum bestu mögulegu þjónustu.

Við undirritunina kom fram mikil ánægja með fyrirhugað samstarf en opnun lyfjaafgreiðslu í uppsveitum Árnes-sýslu er afar ánægjuleg staðreynd og styrkir enn frekar

búsetuskilyrði á svæðinu. Við undirritunina lýstu sveitarstjóri enn fremur yfir sérstakri ánægju með að Apótek Suðurlands sem er sjálfstætt starfandi apótek með rekstur á Selfossi væri tilbúið í verkið en það er í eigu öflugra kvenna af Suðurlandi.

Nýr blaðamaður ráðinn til starfa

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir shefur verið ráðin sem nýr blaðamaður hjá Dagskránni, fréttablaði Suðurlands, og fréttavef blaðsins, DFS.is. Hún hefur nú þegar hafið störf. Sæbjörg er búsett og uppalin í Hveragerði. Sæbjörg hefur lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni og hefur mikinn áhuga á skriftum og fréttamiðlun.

„Það er bæði heiður og ánægja að fá þetta tækifæri og ég hlakka til að takast á við þau fjölbreyttu og spennandi verkefni sem fylgja starfi blaðamanns hjá Dagskránni,” segir Sæbjörg Erla.

Björgvin Rúnar Valentínsson, útibússtjóri Prentmets Odda á Selfossi, rekstraraðili Dagskrárinnar, kemur til með að hugsa tímabundið um ritstjórn Dagskrárinnar og DFS.is.

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, nýr blaðamaður hjá Dagskránni.
Mynd: Dagskráin/BRV



Uppselt á sjöttu Bjórhátíð Ölverk

Uppselt var á Bjórhátíð Ölverk sem fram fór í gömlu gróðurhúsunum í miðbæ Hveragerðis um helgina. Þetta var í sjötta sinn sem hátíðin er haldin, en fyrst árið 2019. Alls tóku 36 brugghús og framleiðendur þátt í ár og var stemningin engri lík að sögn gesta.

Laufey Sif Lárusdóttir, eigandi Ölverk, segir mikinn áhuga hafa verið á hátíðinni og gestir hafi komið víða að til að njóta bjórsmakks, tónlistar og góðrar stemningar. „Það er alltaf ein-

stakt að sjá gróðurhúsin fyllast af fólki og gleði,” segir hún í samtali við Dagskrána.

Steinholding-keppnin vakti mikla athygli og sigraði Þorfinnur frá Foss Distillery með tímanum 3 mínútur og 41 sekúndu. Á svæðinu var einnig Ölverk Pop-Up samlokusala með pretzel og bratwurst, sem sló í gegn hjá gestum hátíðarinnar.

Ljósmyndir sem Dagný Dögg Steinþórsdóttir tók á hátíðinni má sjá á bls. 6-7.



Ljósmyndari: Dagný Dögg Steinþórsdóttir.



Ekki lengur skipstjórinn

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is



AÐALSKOÐUN

Létt öryggisskoðun fyrir veturinn

verður í boði til reynslu í október aðeins á stöðinni okkar að Eyravegi 51, Selfossi

Farið er yfir hemlabúnað, hjólabúnað og hjólbarða

4.990 -

Förum örugg inn í veturinn!

ÚTBOÐ

Flóahreppur og RARIK : „Þingborg 1. áfangi“



Verkið felur í sér gerð á nýrri götu, Þingmóa, við Þingborg auk breytingar á vegtengingu fyrir hverfið.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, reisa ljósastaura, leggja fjarskiptalagnir og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna. Einnig skal verktaki breyta aðkomu að nýja hverfinu.

Helstu magntölur eru:

- Gröftur 9885 m³
- Styrktarlag og burðarhæf fylling 13420 m³
- Fráveitulagnir 564 m
- Vatnsveitulagnir 783 m
- Ljósastaurar 17 stk

Verkinu skal að fullu lokið 15. júní 2026.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 7. október 2025. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magús Ólason hjá Eflu Selfossi, með tölvupósti á netfangið magnus.olason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboð verða opnuð, á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, miðvikudaginn 22. október 2025. og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Hægt er að senda inn tilboð í tölvupósti á póstfangið hulda@floahreppur.is



Viltu finna milljón í Hveragerði?

Leikfélag Hveragerðis frumsýnir gamanleikritið Viltu finna milljón? laugardaginn 11. október næstkomandi. Verkið segir frá hjónunum Haraldi og Ingibjörgu. Haraldur hefur unnið hjá skattinum á lúsláunum svo lengi sem elstu menn muna en einn daginn finnur hann fulla tösku af peningum. Þetta er vanur maður sem sér að féð er illa fengið en hann ákveður að þetta sé hans tækifæri til betra

lífs og fer beint í að panta flug aðra leiðina út í heim. En málið er auðvitað ekki svo einfalt og heilmiklar flækjur, lygar og taugaveiklun fylgja í kjölfarið.

Leikarar sýningarinnar eru átta talsins. Aðalleikarar eru Ingberg Örn Magnússon og María Araceli sem fara með hlutverk Haraldar og Ingibjargar. Aðrir leikarar eru Hrafnhildur Faulk, Sindri Mjólnir Magnússon, Gunnlaugur Ragnarsson,

Elías Óskarsson, Valdimar Ingi Guðmundsson og Bernhard Jóhannesson.

Leikstjóri er Ingrid Jónsdóttir. Hún hefur mikla reynslu af bæði leikstjórn og leik. Hún hefur meðal annars leikstýrt tvisvar áður hjá Leikfélagi Hveragerðis.

„Æfingar hafa gengið mjög vel og fólk má búast við því að skemmta sér vel og hlæja mikið,“ segir Ingberg Örn Magnússon, aðalleikari sýningarinnar.

Viðreisn í Árborg býður fram

Það eru spennandi tímar framundan þegar Viðreisn býður í fyrsta sinn fram, í eigin nafni, í Árborg í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Á félagsfundi Viðreisnar í Árnessýslu þann 29. september var formlega samþykkt að boðið verði fram til næstu sveitarstjórnarkosninga í Árborg undir merkjum Viðreisnar. Þetta markar tímamót í áframhaldandi þátttöku flokksins í bæjarmálum sveitarfélagsins og undirstrikar vilja til að byggja upp sterkt og traust framboð. Á fundinum var einnig ákveðið að stilla upp lista með uppstillingu og verður uppstillingarnefnd kosin á næsta félagsfundi.

Undirbúningur fyrir framboðið er þegar hafinn. Viðreisn Árborg mun leggja áherslu á frjálslýnda og ábyrga stjórn-málastefnu með skýra framtíð-

arsýn fyrir samfélagið í Árborg. Þau sem áhugasöm eru um að starfa með framboði Viðreisnar í Árborg eða vilja koma með ábendingar um gott fólk eru hvött til að hafa samband með því að senda tölvupóst á netfangið arnessysla@vidreisn.is. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu næsta verkefni Viðreisnar í Árborg,“ segir Axel Sigurðsson, formaður Viðreisnar í Árnessýslu og varabæjarfulltrúi í Árborg. „Við höfum undanfarin ár tekið þátt í bæjarmálum með Áfram Árborg, þar með talið í núverandi meirihluta. En nú er kominn tími til að bjóða fram sterkan lista í nafni Viðreisnar og halda áfram að byggja upp gott samfélag með áherslu á þjónustu við fjölskyldufólk og alla bæjarbúa. Viðreisn er



Axel Sigurðsson er formaður Viðreisnar í Árnessýslu.

vel undirbúin og staðráðin í að leiða öflugt og framsækið framboð til sveitarstjórnarkosninga. Með skýra sýn, traustu baklandi og reynslu af þátttöku í bæjarmálum er flokkurinn tilbúinn að taka næsta skref og vinna að farsælli framtíð fyrir Árborg.”

Persónulegar jólagjafir honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER





Villibráðakvöld

Laugardaginn
8.nóvember 2025



Matseðill

Smáréttir

- Grafin bleikja
- Bruschetta með reyktum lax
- Grafin andarbringa
- Grafin gæsabringa
- Reykt gæsabringa
- Hreindýra carpaccio
- Hreindýrabollur
- Gæsalæri confit
- Hreindýra paté
- Hreindýra lifra mousse

Aðalréttur

- Gæsabringur

Ásamt meðlæti og öðru góðgæti
Kaffi og konfekt á eftir



Farmers Bistro býður upp á
sitt árlega og glæsilega
villibráðarhlaðborð

Fordrykkur hefst kl 19:00
Borðhald hefst kl 20:00

Júlí Heiðar og Díska
verða veislustjórar og
lofa góðri skemmtun



Bókanir



sími 857 7850

booking@farmersbistro.is

Verð 15.900

Ekki lengur skipstjórinn



Sædis Ósk Harðardóttir.

Nú er bleikur október hafinn. Í tilefni þess náði DFS.is tali við Sædisi Ósk Harðardóttur sem er 53 ára baráttukona gegn brjóstakrabbameini. Sædis er búsett á Eyrabakka. Hún er gift og á fjögur börn, ásamt fjórum stjúpðætrum.

Sædis Ósk hefur alltaf verið dugleg að halda sjálfri sér upp-tekni. Hún er með meistara-gráðu í sérkennslu og starfaði í mörg ár sem deildarstjóri við Barnaskólann á Eyrabakka og Stokkseyri og síðar við Sunnu-lækjarskóla. Sædis hefur að auki tekið að sér mörg önnur verkefni og félagsstörf. Hún er formaður félags sérkennara á Íslandi og hefur líka verið að starfa í lið-veislu. Sædis segir að daglegt líf hafi verið mjög erilsamt og mikið að gera.

Í frítíma sínum elskar Sædis að ferðast, hvort sem það er innanlands eða erlendis, njóta náttúrunnar, fara í gönguferðir, fara á tónleika eða í leikhús og

vera með fjölskyldunni, einkum barnabörnunum sínum.

Heppni að hafa ekki hunsað skimun

Í lok október 2018 fer Sædis í sína reglulegu brjóstaskimun sem var þá á tveggja ára fresti. Sædis segir það sé ótrúlega mikilvægt að konur fari þegar þeim er boðað í brjóstaskimun.

„Það er svo skritið hvað maður man sumt. Ég er stödd með dóttur minni á tannlækna-stofu þegar ég missi af símtali frá Krabbameinsfélaginu. Það fyrsta sem ég hugsa er: Já, ókei það er komið að mér,“ segir Sædis þegar hún lýsir deginum sem hún greindist í nóvember 2018.

Fljótlega lá fyrir að um illkynja og mjög hraðvaxandi tegund brjóstakrabbameins var að ræða. Sædis segir það hafa verið heppni að þetta uppgötv-aðist svona snemma. Á þessum tveimur mánuðum milli mynda-töku og aðgerðar hafði það þeg-ar stækkað töluvert. Hefði Sædis beðið með að fara í skimunina, hefði þetta getað farið verr.

Upp hófst langt ferli af sýna-tökum og rannsóknum hjá Sædisi. „Mér fannst ég vera komin í einhvern bát þar sem ég er ekki lengur skipstjóri heldur bara farþegi. Ég fékk bara símtöl hvert ég ætti að mæta og hve-nær. Maður var strax gripinn og leiddur í gegnum þetta allt saman,“ Sædis lýsir því að hún hafi fundið fyrir miklu öryggi og góðu utanumhaldi hjá krabba-meinsdeild Landsspítalans.

Aðgerðin fór fram rétt fyrir júl 2018 og hélt Sædis jóln

heima með fjölskyldu. Vinkonur hennar komu í heimsókn og tóku heimilið í gegn fyrir jóln og synir Sædisar elduðu jóla-matinn. „Þannig við náðum alveg að halda jólaandanum, það var ofboðslega yndislegt og fallet.“

Í kjölfarið tók við lyfjameð-ferð, geislameðferð og önnur lyfjameðferð sem stóð yfir í nokkur ár. Hún segir heilbrigð-iskerfið hafa verið styrkt stöð, þar sem hún upplifði öryggi og utanumhald.

„Meira áfall fyrir fólkið mitt en mig“

Þó að greiningin hafi verið mikið áfall fyrir Sædisi segir hún þetta hafa verið mun meira áfall fyrir fjölskylduna sína. „Þau höfðu miklu meiri áhyggjur og gátu svo lítið gert, þau þurftu bara að fylgjast með, horfa á, hafa áhyggjur og vita ekki neitt,“ Sædisi finnst mikilvægt að hlúa að aðstandendum á svona tímum.

Sædis segir sig sjálfa alltaf hafa getað tekist á við veikindin með jákvæðni og hómor. „Ég rakaði af mér hárið og ég náði að djóka með að það væri flott því það væri að koma lúsatíma-bil í skólanum, engin hætta fyrir mig á að fá lús,“ segir Sædis hlajandi. Sædis leit ekki á ferlið sem veikindi heldur eitt stórt verkefni sem hún ætlaði að sigra og koma enn sterkari út.

Meðferðin tók verulega á að sögn Sædisar, bæði líkamlega og andlega. Það reyndist henni þó erfiðast að geta ekki verið til staðar fyrir dóttur sína, sem var 7 ára, þá eins og hana lang-aði. Sædis segist þó hafa verið



Sædis og fjölskyldan hennar á brúðkaupsdegi hennar og eiginmanni hennar Sigursteini núna í sumar. Mynd: Aðsend.

með afar gott lið að baki sér og margir tilbúnir að aðstoða. Á svipuðum tíma var eldri dóttir Sædisar að tilkynna að hún væri ófrísk og segir Sædis það einnig hafa verið erfið að geta ekki verið eins til staðar fyrir hana. „Mér fannst ég alltaf vera að bregðast, ég var að reyna að gera eins og ég gat en það var erfiðast.“

Þakklát fyrir Krabbameinsfélag Árnessýslu

Sædis kynnist stuðningshópnum innan krabbameinsfélagsins Brosið stuttlega eftir að hún greinist. Sædis mætir á fund hjá félaginu og segist hafa hitt þar frábærar konur sem höfðu verið að ganga í gegnum svipaða reynslu. „Það var svo ljúft að heyra í þeim tala og voru margar búnar að yfirstíga sína baráttu og komnar á góðan stað. Ég kynnist þarna góðum félagsskap sem ég gat tengt við,“ Sædis lýsir að það sé góður andi og fræðsla sem hægt er að fá.

Sædis er ennþá í miklu sam-bandi við konurnar sem hún kynntist í gegnum félagið. „Þetta er mjög öflugt félag og er að gera svo marga góða hluti fyrir bara fólk hérna á svæðinu, því þetta er stórt svæði og svo gott að hafa þetta hérna. Það er svo mikil fræðsla í gangi, stjórnnin er mjög dugleg að vera með alls konar viðburði, fræðslu og námskeið, og það er til svona endurhæfingarhópur sem var ekki til þegar ég greindist. Og það er svo frábær stuðningur sem félagið fær frá samfélaginu, fyrirtækin eru svo dugleg að styrkja og efa til félagsins og standa með því, það gerir svo mikið.“

Nýtt viðhorf

Sædisi finnst mikilvægt að hver og einn nýti hvern dag því maður veit aldrei hvernig fer. „Lífið er núna eins og slagorðið segir,“ segir Sædis. Henni finnst að maður eigi að umkringja sig fólkinu sem manni þykir vænt um og að hún sé mest að ein-beita sér að því í dag. Sædis vill halda áfram að ferðast, ekki hika eða biða þar til seinna því þú veist aldrei hvort þetta seinna verði. „Við eigum daginn í dag og gærdegnum getum við ekki breytt, og við vitum ekkert hvað er framundan þannig við þurfum svolítið bara að horfa á núnið og njóta.“

Sædis vill að allir í þeirri stöðu sem hún var í fyrir um 7 árum leiti stuðnings og sé óhrætt við að viðurkenna þörfina á að-stöð. Hún bendir einnig á að fjölskylda og aðstandendur leiti sér aðstöð.

„Það er alltaf einhver að ganga í gegnum það sama og þú og maður er aldrei einn. Að deila reynslu og liðan og nota þetta tengslanet sem við fáum.“ Hún hvetur einstaklinga í sömu stöðu að kynna sér starfsemi krabba-meinsfélags í grennd. SEG



Sædis og Almar, barnabarnið hennar.



Sædis nýbúin í lyfjameðferð með barnabarnið sitt, Áróru.

Bleik viðtöl í október

Í tilefni þess að bleikur október er hafinn mun Dagskráin, í samstarfi við Krabbameinsfélag Árnessýslu, vera með vikuleg viðtöl við einstaklinga úr félaginu.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Mokar grænu heyi hann, hann er einnig sókn í skák. Á lyftara sem lyfta kann og líka á Vespu er með sann.

Svar við gátu í blaði 2822: TAUMUR
1. (T)aumur
2. Tóbakstaumur



Vísnaður-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókafélag HÓLAR

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

BLEIKA BODIÐ

10. OKTÓBER 2025 | HÓTEL SELFOSSI

HAPPDRÆTTIS-
MIÐINN KOSTAR
AÐEINS 3.000 KR.

Gjafapoki
frá Lindex
fyrir fyrstu
100 konurnar
LINDEX

Tilefni
SJÁ UM
SKREYTINGARNAR
Í SALNUM!

Okkar stærsta hátíð og fjáröflunarviðburður verður haldinn föstudagskvöldið 10. október á Hótel Selfossi. Verð 2.500 kr. við inngang.

Nú fyllum við húsið og skemmtum okkur sem aldrei fyrr!

Húsið opnar kl. 19:00 og hefst dagskrá kl. 20:00, góð tilboð á drykkjum og girnilegar veitingar í boði Riverside Restaurant.

Uppboðið verður á sínum stað og Happdrættið okkar er glæsilegt að venju og verður enginn svikinn af sínum vinning! Hver miði kostar einungis 3.000 krónur og er til svo gríðarlega mikils að vinna.

Veislustjóri kvöldsins verður **Gabríel Werner, Ari Eldjárn** uppistandari kitlar hláturtaugarnar og okkar magnaði tónlistarmaður **Magnús Kjartan** mætir á svið og spilar okkur út á dansgólf.

Athugið að ef um stærri hópa er að ræða er mögulegt að panta borð fyrir fram með því að senda tölvupóst á arnessysla@krabb.is.

Við hlökkum mikið til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur!

Ljóð vikunnar

VERKIÐ

Ég skrifa til þess að finna flug steinsins í æðum mínum.

Friðarvonir í þessu landi handsprengjunnar eru mótaðar í þögn aldins.

Ég skrifa eins og einhver grafi upp birtuhaf í miðjum skugga.

Orðin koma upp um glæpinn, fuglana í mýrinni eins og steinar möguleikans.

Ég skrifa í mikla dimma rýminu sem við erum og sem kaffærir okkur.

Casimiro de Brito, Portúgal 1938-2024
úr "Jardins de Guerra", Portugália Editora

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu Germain's Droogenbroodt. Málverk eftir Luis Pla.

LÓÐIR UNDIR PARHÚS, SALA Á BYGGINGARÉTTI

MÓSTEKKUR

Árborg auglýsir til sölu byggingarétt fyrir íbúðarhúsnæði. Um er að ræða 5 parhúsalóðir fyrir alls 10 íbúðir. Stærð lóðanna er á bilinu 1.157 - 1.200 m². Um er að ræða vel staðsettar lóðir nærri sterkum þjónustukörnum.

Leitað er að kauptilboðum í lóðirnar frá einstaklingum og/eða lögaðilum sem hyggja byggja íbúðir í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Svæðið er hluti uppbyggingarsvæði á landi Bjarkar sem liggur sunnan við Suðurrhóla og meðfram Eyravegi.

Lóðirnar sem um ræður eru: Móstekkur 101-103, 105-107, 109-111, 113-115 og 117-119. Lóðirnar eru tilbúnar til afhendingar.

Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgi gögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 12:00 föstudaginn 31. október 2025. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðsgjöfum sent opnaryfirlit rafrænt.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is

Frábær stemning á sjó



Öttu Bjórhátíð Ölverk

Ljósmyndari: Dagný Dögg Steinþórsdóttir.



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Sjáumst á Iðnaðarsýningunni
í Laugardalshöll 9. - 11. október!

ÖRUGGT VIÐHALD



VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -
www.vpallar.is

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 557 9933
vpallar@vpallar.is

GRUNNNÁMSKEIÐ
20.OKT



Vika einmanleikans og orlof húsmæðra

Nú stendur yfir Vika einmanleikans, samstarfsverkefni Kvenfélagasambands Íslands og kvenfélaganna í landinu og er þetta átaksverkefni til að sporna við einsemd og einmanaleika. Á okkar starfssvæði í Árnes- og Rangárvallasýslu eru þó nokkur kvenfélög búin að skipuleggja viðburði þessu tengda og eru það mjög ólíkir viðburðir, en eiga það allir sameiginlegt að vera opnir fyrir alla og hvetja til samveru. Alla viðburði er hægt að sjá inni á vefsíðunni vikaeinmanleikans.is. Það er vaxandi einmanaleiki í landinu og þarf að sporna við því á allan hátt. Við megum ekki gleyma fólkinu okkar, foreldrum, ömmum og öfum eða frænku og frænda þó það geti ekki verið með okkur alla daga, það er til dæmis mjög einfalt að taka upp símann og hringja, við erum hvort sem er með símann í höndunum alla daga, en fyrir þann sem er einmana þá getur þetta samtalið skipt sköpum, þó enn betra væri að fara í heimsókn.

Tílefni þessara skrifa minna er að nú er nýlitið orlofi húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, en það var haldið á Hótel Örkeins og mörg síðustu ár. Það eru konur úr kvenfélögunum

sem mynda orlofsnefndir sem skipuleggja þessa orlofsviku og standa þær sig allar frábærlega í því verkefni. Orlof húsmæðra er fyrir allar konur og þarna koma saman að jafnaði um 90 konur árlega og eiga í miklum samskiptum. Vinkonur fara saman, en svo eru sumar líka einar og fara til að eiga í samskiptum við aðrar frábærar og skemmtilegar konur og efla tengslanet með því að kynna nýjum konum, stundum er þetta það eina sem konur gera fyrir sig sjálfar og eiga það fyllilega skilið. Ef eitthvað getur komið í veg fyrir einmanaleika þá er það að eiga samverustund með nýjum og gömlum vinkonum, þetta er svo mikilvægt.

Í þessari orlofsviku fengu konur fyrirlestur um einmanaleika og komust þær margar við, því birtingarmyndir einmanaleika eru svo margar og ólíkar, en það væri of langt að telja það allt upp. Þá spila þær bingó, sjá tískusýningu, gera handvinnu, spjalla saman, segja brandara og hlæja saman, fara í dagsferð, í heita pottinn og fleira og fleira, sem allt stuðlar að samveru og samskiptum. Orlof húsmæðra stendur frá sunnudegi til fimmtudags og síðasta kvöldið er svo hátíðar-



kvöldverður, fjöldasöngur og dansað við undirleik góðs hljóðfæraleikara og söngvara. Það er almenn ánægja með þessa orlofsviku og ef eitthvað er liður í að koma í veg fyrir einsemd og einmanaleika þá er það halda orlof húsmæðra. Það er engum blöðum um það að fletta að þetta styður svo sannarlega við að halda góðri lýðheilsu, því einmanaleiki hefur mikil og neikvæð áhrif á heilsu okkar. Raf-ræn samskipti koma ekki í veg fyrir einmanaleika, öll þurfum við hlýju, faðmlag og annað fólk til að líða vel. Setjum okkur það markmið að fara í heimsókn til þeirra sem við höfum ekki verið í samskiptum við lengi. Eitt lítið skref sem skiptir svo miklu máli.

Hraðamyndavélar teknar í notkun í Þingvallabjóðgarði

Á morgun, föstudaginn 3. október, verða tvær hraðamyndavélar á Þingvallavegi austan þjónustumiðstöðvar teknar í notkun.

Sjálfvirkir hraðaeftirlit er ein af megináherslum í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda og er tilgangurinn sá að draga úr ökuhraða á þjóðvegum og auka þar með umferðaröryggi. Um er að ræða stafræna myndatöku þar sem upplýsingar um hraðabrot eru sendar samstundis til lögreglu. Ekki er tekin mynd

nema um brot sé að ræða. Skilti sem gefa eftirlitið til kynna hafa verið sett upp á Þingvallavegi.

Vegagerðin ber ábyrgð á

tæknilegri framkvæmd eftirlitsins, en Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á úrvinnslu og innheimtu sekta.



Ljósmynd: Vegagerðin.

Fyrsta vinnusmiðjan haldin á Selfossi

Háskólafélag Suðurlands hélt á dögunum vinnusmiðju á Selfossi sem markaði upphaf nýs samstarfsverkefnis með Iceland Innovation Week, KPMG og Samtökum þekkingarsetra. Verkefnið hefur það að markmiði að efla nýsköpun og stafræna hæfni með áherslu á skapandi hugsun, frumkvöðla-starf og sjálfstraust þátttakenda.

Mikill áhugi var á viðburðinum og mættu þátttakendur víða af Suðurlandi. Dagskráin samanstóð af fyrirlestrum um gervigreind, nýsköpun og markaðsfræði og í lokin spunnust líflegar umræður um hvernig nýta mætti gervigreind til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og hámarka árangur þrátt fyrir takmarkað fjármagn.

Gestir fengu einnig hagnýt ráð um hvernig beita mætti einföldum gervigreindartólum í

daglegu starfi til að spara tíma, styðja við þróun viðskipta og efla markaðssetningu. Fullt var út úr dyrum og fjöldi spurninga barst frá áhugasömum þátttakendum.

Vinnusmiðjan á Selfossi var sú fyrsta í röð sambærilegra viðburða sem haldnir verða í þekkingarsetrum víðs vegar um landið í haust.



Mynd: Háskólafélag Suðurlands.

Farskóli safnamanna

Farskóli íslenskra safna og safnafólks var haldinn á Hótel Selfossi dagana 1.-3. október sl. Um 160 safnamenn skráðu sig á skólann sem er stærsti vettvangur safnamanna til að hittast en farskólinn er haldinn á mismunandi stöðum ári til árs.

Farskólinn gekk snuðrulaust

fyrir sig og jafnvel rigningin var ekki til travala. Á dagskrá voru málstofur, fyrirlestrar og umræður og þátttakendur urðu margs vísari um nýjungar í safnageiranum. Farin var skoðunarferð í Listasafn Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga og Hersafnið á Selfossflugvelli og ekið

var í þremur rútum frá GTS undir leiðsögn Hannesar Stefánssonar sem hafði frá ýmsu að segja. Ratleikur um Selfoss hitti í mark. Það var mikið spjallað, alltaf eru ný andlit á farskólunum en aðrir áttu endurfundi. Pub Quiz var fyrsta kvöldið og að sjálfsögðu glæsileg árshátíð degi síðar. Þema farskólans að þessu sinni var „Áreiðanleiki, trúverðugleiki og sannindi í söfnum“ sem skírskotar til nýja miðbæjarins á Selfossi.

Farskólinn er haldinn af Félagi íslenskra safna og safnafólks með stuðningi Safnaráðs og með þátttökugjöldum. Í farskólastjórn voru Lýður Pálsson, Byggðasafni Árnesinga, sem var farskólastjóri, Sigurlaugur Ingólfsson, Borgarsögusafni, Helga Aradóttir, Náttúruminjasafni Íslands og Kristín Scheving, Listasafni Árnesinga. Með farskólastjórn starfaði einnig Dagrún Ósk Jónsdóttir starfsmaður FÍSOS.



Farskólahópurinn fyrir framan Húsið á Eyrabakka.
Ljósmynd: Harðar Geirsson

Guðni Th. tók á móti ML-ingum

Fyrstabekkjarnemendur í umhverfis- og vistfræði í Menntaskólanum að Laugarvatni lögðu land undir fót mánu daginn 29. september þegar þeir héldu til þingvalla ásamt kennurum sínum, þeim Jónu Björk og Margréti Elínu.

Markmið ferðarinnar var að kynna þjóðgarðinum, sjá urriðann í Öxará og fræðast um þjónustuna og þær áskoranir sem fylgja verndun svæðisins. Þrátt fyrir grenjandi rigningu, rok og þoku sem huldi fjallasýnina, nutu nemendur fegurðar haustsins þar sem litadýrð lággróðursins skar sig úr.

Mikil ánægja var meðal hópsins þegar sjálfur Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands, tók á móti þeim og fræddi nemendur um sögu þingvalla með sinni alkunnu snilld.

Honum til halds og trausts var Torfi Stefán Jónsson, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins, sem bætti við fróðleik um náttúruna og sögu mannlífsins á svæðinu.

Ferðin leiddi nemendur meðal annars að Peningagjá, yfir Öxará þar sem stóri urriðinn lét sjá sig, og áfram að Drekkingsarhyl í Almannagjá þar sem refsingar liðinna alda voru rifjaðar upp. Í lok ferðar var farið í gestastofuna þar sem hópurinn fékk fræðslu um vatnasvið þingvallavatns, innviðaupbyggingu og verndun þjóðgarðsins vegna álags frá vaxandi fjölda ferðamanna.

„Ferðin tókst í alla staði mjög vel,“ segja kennararnir Jóna Björk og Margrét Elín, sem þakka sérstaklega Guðna og Torfa fyrir leiðsögnina og Pálma fyrir öruggan rútukstur.



Ljósmynd: Menntaskólinn að Laugarvatni.



9.-11. OKTÓBER
**ECCO
DAGAR**

**20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM FRÁ ECCO**

		
Urban Mini 10.396 kr. / 12.995 kr.	Shape 35 13.596 kr. / 16.995 kr.	Byway 2.0 18.396 kr. / 22.995 kr.
		
Snow Mountain 11.996 kr. / 14.995 kr.	Grainer 19.996 kr. / 24.995 kr.	Soft 7 Tred 21.596 kr. / 26.995 kr.

Sérfræðingur frá ECCO verður á staðnum á föstudeginum

Sportbær
SKOBUÐ SELFÖSS

Vetrarfagnaður Flóamanna Skemmtikvöld í Félagslundi 25. október

Flóamenn halda upp á fyrsta vetrardag með glæsilegum **Vetrarfagnaði** sem fer fram í **Félagslundi** laugardagskvöldið **25. október**. Þetta verður kvöld fullt af gleði og spennandi vinningum.

Húsið opnar kl. 19:30 og **dagskráin hefst kl. 20:00**, undir styrkri stjórn **Hallgríms Ólafssonar (Halla Melló)** sem mun leiða gesti í gegnum kvöldið með sinni einstöku nærveru og húmor.

Á borðum verða **ostaveitingar frá MS** og sultur frá **GOOD GOOD**, sem ættu að kitla bragðlaukana hjá öllum. **Gos, bjór, rautt og hvítt verður selt á staðnum.**

Aðgöngumiðinn gildir einnig sem happdrættismiði með veglegum vinningum, svo það er mikill möguleiki á að fara heim með eitthvað skemmtilegt í farteskinu svo sem hótलगistingu, afþreyingu og matarkörfur.

Miðaverð er einungis 4.900 kr., og rennur allur ágóði kvöldsins óskiptur til útgáfu II. hluta **Flóamannabókar**, sem áætlað er að komi út árið **2026** og fjallar um Villingaholtshreppinn hin forna.

Taktu þátt í að styrkja sögu og menningu Flóamanna – og njóttu um leið dásamlegs kvölds í góðum félagsskap!

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkiðMiðvikudagar kl. 11-14
Opíð húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, SelfossiSími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smárarnir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedzialek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
9. okt. kl. 13:00-14:45

OPIÐ HÚS

Fim. 9. okt. kl. 14:45

Þorsteinn Ólafsson dýralæknir
segir frá ferðalagi um
sunnanverða AfríkuKaffi og meðlæti
kr. 1500Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum

FUNDIR

Vöflukaffi

Fjórdi vöflukaffi vetrarins
verður haldið næsta laugar-
dag 11. okt. á Eyrarvegi 15
annarri hæð á milli klukkan
11 og 12. Gestur okkar er
Lilja D. Alfreðsdóttir
varaformaðurFramsóknarflokksins. Hún
hefur eflaust um margt að
tala. Allir velkomnir!

ATVINNA

Eldri faglærður smiður
óskar eftir vinnu á Selfossi
Upplýsingar í síma 698 0628

KIRKJUR

Guðsþjónusta

Laugardaginn 11. október
klukkan 11:00
Bíblíulestur og prédikun
Jón Hjörleifur Stefánsson
Barnastarfi á sama tíma
Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi
Allir hjartanlega velkomnir

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma á sunnudögum
kl. 11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.
www.selfoss gospel.is

Skálholtsdómkirkja

Messa kl 11 í
Skálholtsdómkirkju þar sem sr.
Kristín Þórunn Tómasdóttir
sóknarprestur þjónar. Sérstakir
gestir eru kór Seljakirkju í
Reykjavík sem syngur undir
stjórn Tómasar Eggerts
Guðnasonar organisti.
Fjölskylduborðið með litablöðum
og mjólkum dýrum er á sínum
stað. Innilega velkomin.

Strandarkirkja

Veiðimannaguðsþjónusta kl 14.
Félagar úr Kór Þorlaks- og
Hjallasóknar leiða almennan
safnaðarsöng.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar.Kvöldsamvera í Þorlákskirkju
þriðjudaginn 14. október kl.
20:00 -
Líf pílagrímans. Sr. Elínborg
Sturludóttir fjallar um lífsgildi
pílagrímans og Ólafur
Hannesson segir frá göngu
sinni um Jakobsveginn.Hvergerðingurinn Davíð
Ernir Kolbeins gengur
til liðs við AthygliHvergerðingurinn Davíð
Ernir Kolbeins hefur
gengið til liðs við ráðgjafafyrir-
tækið Athygli þar sem hann mun
leiða þróun gervigreindarlausna
á sviði almannatengsla og sam-
skipta.Hann kemur til fyrirtækisins
með víðtæka reynslu af sam-
skipta- og kynningarmálum.
Davíð hefur undanfarið starfað
sem samskiptafulltrúi hjá Knatt-
spyrnusambandi Íslands og áður
sem verkefnastjóri hjá Markaðs-
stofu Suðurlands, þar sem hann
annaðist markaðs- og kynning-
armál. Davíð er með BA gráðu
í samskiptum, með áherslu á al-
mannatengsl, frá Auckland Uni-
versity of Technology á Nýja-
Sjálandi.„Davíð mun leiða nýtt og
spennandi þjónustusvið sem við
höfum verið að þróa og vinna
að undanfarna mánuði sem snýr
að sýnileika fyrirtækja, félaga-
samstaka og stofnana í heimi
gervigreindar,” segir Kolbeinn
Marteinsson, framkvæmdastjóriDavíð Ernir Kolbeinsson.
Mynd: Aðsenn.

Athygli.

Athygli vinnur með fyrir-
tækjum, félagsamtökum og
stofnunum að því að tryggja góð
samskipti við mikilvæga hagað-
ila og byggja upp vörumerki
og orðspor með skilvirkri sam-
skiptastefnu. Félagið er sam-
starfsaðili ráðgjafafyrirtækisins
Geelmuydeen Kiese sem er eitt
stærsta fyrirtæki á sviði sam-
skiptaráðgjafar á Norðurlönd-
unum.Einar Freyr gefur kost á sér
sem ritari FramsóknarEinar Freyr Elínarson, sveitar-
stjóri Mýrdalshrepps, hefur
tilkynnt að hann gefi kost á sér
í embætti ritara Framsóknar á
miðstjórnarfundum flokksins sem
fram fer 18. október.„Fylgið við Framsókn mælist
nú lægra en erindi okkar rétt-
lætir, og ég er tilbúinn að leggja
mitt af mörkum til að snúa þeirri
þróun við. Ég hef aflað mér
reynslu úr flokksstarfinu og af
vettvangi sveitarstjórnar sem
ég vil miðla af og fylgja eftir
þeim hugsjónum sem ég brenn
fyrir. Sem ritari vil ég leggja
mitt af mörkum til að efla gras-rót flokksins og tryggja stuðning
við flokksfélögin í aðdraganda
sveitarstjórnarkosninga,” segir
Einar í tilkynningunni.Ég sé tækifæri í því að beina
pólitískri umræðu í auknum
mæli að málefnum sem raun-
verulega snerta daglegt líf
fólks. Við erum kjörin til þess
að tryggja og bæta lífsgæði
íbúanna okkar og við höfum öll
tæki og töl til þess ef við höldum
okkur að efninu. Þau okkar sem
hafa verið valin í ábyrgðarstöður
hjá sveitarfélögum þekkjum það
vel og Framsókn hefur góða
sögu að segja um allt land. Við
þurfum að tryggja að Framsókn
verði áfram sterkt stjórnmálaafli
á þeim vettvangi og það verður
verkefni forystu flokksins næstu
misserin,” segir Einar.Einar Freyr hefur verið sveit-
arstjóri Mýrdalshrepps frá árinu
2022 og gegnt margvíslegum
trúnaðarstörfum fyrir Fram-
sóknarflokkinn.

HEILSA

Heilsa

Mörg heilsuvandamál stafa af
óhollu matarræði, skorti á
hreyfingu og neikvæðu
hugarfari.Ég býð núna upp á stutt
námskeið fyrir einstaklinga,
fjölskyldur og litla hópa um
bættu heilsu með gönguferðum
eða öðrum æfingum, með hollu
og einföldu matarræði og
aðferðum til að minka stress og
áhyggjur.Er einnig með augnlestur sem
getur sagt margt um stöðu
heilsunnar; líkamlega og
andlega. Er líka með
svæðanudd, nudd og dáleislu.Heiðar Ragnarsson s. 898 1501
sms eða símtöl (ef ég næ ekki
að svara, sendið þá sms).

Kiwanisklúbburinn Búrfell veitir UMFS veglega styrki

Kiwanisklúbburinn hefur nýverið veitt bæði frjáls-íþróttadeild og fimleikadeild Umf. Selfoss veglega styrki. Þessir styrkir verða nýttir til að efla og styðja við barna- og unglingadeild innan deildanna. Styrkirnir voru formlega afhentir í Tíbrá þar sem Diðrik Haraldsson og Hilmar Þór Björnsson, formaður styrktarsjóðs Kiwanis, komu fyrir hönd klúbbsins. Hjalti Jón Kjartansson, formaður frjálsíþróttadeildarinnar, og Aníta Þorgerður Árnadóttir, deildarstjóri yngsta stigs hjá fimleikadeildinni, tóku við styrkjunum fyrir hönd sinna deilda.



Diðrik, Aníta Þorgerður og Hilmar við afhendingu styrksins. Mynd: UMFS

Frjálsíþróttadeild Selfoss þakka Kiwanisklúbbnum Búrfell kærlega fyrir stuðninginn og segja styrkinn skipta miklu máli fyrir þróun og gæði íþróttastarfsins. Diðrik frá Kiwanisklúbbnum sagði að það væri þeim mikilvægt að styðja uppbyggingu barnastarfs, þar sem að börnin væru framtíðin og því þyrfti að stuðla að góðum grunni fyrir þau. Þá sagði hann árangur fimleikadeildarinnar eftirtektarverðan og því vilji til þess að styrkja starfið.



Hilmar Þór afhendir Hjalta Jóni og Kára Hrafn styrkinn í Tíbrá. Mynd: UMFS/Diðrik Haraldsson

Bjarni hættir með Selfoss

Knattspyrnudeild Umf. Selfoss og Bjarni Jóhannsson hafa komist að samkomulagi um að endurnýja ekki samning sinn. Bjarni tók við liði Selfoss haustið 2023 og kom liðinu upp um deild með mjög svo sannfærandi hætti á sínu fyrsta tímabili, sumarið 2024. Þá stóð liðið uppi sem sigurvegari Fót-bolta.net-bikarsins sama ár og lyfti titlinum á Laugardalsvelli. Niðurstaðan á nýafstöðnu tímabili var vonbrigði en liðið leikur í 2. deild að ári.



„Ég vil koma á framfæri innilegum þökkum til Selfyssinga. Takk fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum tíma sem ég hef verið þjálfari. Það hefur verið heiður að vinna með ykkur öllum og eftir sitja fullt af frábærum minningum. Ég óska ykkur alls hins besta í framtíðinni,“ segir Bjarni. Knattspyrnudeild Selfoss vill þakka Bjarna fyrir ánægjulegt samstarf og góðar stundir. Við óskum honum velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann mun taka sér fyrir hendur. Leit að nýjum þjálfara liðsins er þegar hafin. Knattspyrnudeild Umf. Selfoss

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur.



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- 1. Biskupstungnabraut og Þingvallavegur; Hjólastígar; Aðalskipulagsbreyting - 2509014**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. september 2025, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst gerð nýrra göngu- og hjólréiðstíga meðfram helstu vegum í sveitarfélaginu. Markmiðið er að bæta möguleika á vistvænum samgöngum, öryggi vegfarenda og heilsu íbúa og gesta, samhliða uppbyggingu ferðaþjónustu og annarrar þjónustu í sveitarfélaginu.
- 2. Brúarholt II L196050; Landbúnaðarland í L3; Aðalskipulagsbreyting - 2507019**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. október 2025, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Brúarholt II L196050. Í breytingunni felst að landbúnaðarlandi L2 er breytt í L3 þar sem landeigandi hyggst byggja upp litlar landspildir ca 1 - 1,2 ha að stærð til fastrar búsetu. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 30 ha.
- 3. Laugarvatn L224243; Nýtt iðnaðarsvæði vegna jarðhita; Aðalskipulagsbreyting - 2505072**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2025 að auglýsa skipulagstillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í þéttbýlinu á Laugarvatni. Norðvestan við Menntaskólann að Laugarvatni hefur verið borað eftir heitu vatni sem sveitarfélagið hyggst nýta. Í breyttu aðalskipulagi verður sett inn nýtt iðnaðarsvæðið fyrir jarðhitavinnslu og heimiluð nýting hans. Stærð svæðis er 0,2 ha. Umrætt svæði er í dag skilgreint sem samfélagsþjónusta.
- 4. Hrafnabjörg; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting - 2212038**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2025 að auglýsa skipulagstillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps í landi Hrafnabjarga. Innan frístundahúsareits F20 verður landsvæði Hrafnabjarga leiðrétt með því að færa frístundahúsasvæðið út af núverandi skógræktarsvæði og yfir í klapparholt þar sem ræktunarskilyrði eru óhentug m.t.t. landbúnaðar. Skógræktarsvæði verður sýnt þar sem frístundabyggð er sýnd í landi Hrafnabjarga á reit F20 í gildandi aðalskipulagi. Í breytingunni felst því tilfærsla á landbúnaðarsvæði yfir í frístundasvæði og frístundasvæði yfir í skógræktarsvæði.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

- 5. Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi; Vesturbyggð, 2. áfangi; Ný byggð á reit ÍB2; Deiliskipulag - 2509032**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. október 2025, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til annars áfanga nýs íbúðarsvæðis að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skipulagssvæðið afmarkast af íbúðarbyggð í suðri og austan þess er tjaldsvæði. Mörk svæðisins til vesturs liggja að ræktuðu landi innan marka landeigna í eigu sveitarfélagsins en norðan svæðisins er óræktað land. Svæðið er innan íbúðarbyggðar (ÍB2) í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið er óbyggt og á því eru engin mannvirki. Aðkoma að svæðinu er um Skólabraut eða Borgarveg og fyrirhuguð er vegtenging að hverfinu.
- 6. Laugarvatn L224243; Ný iðnaðarlóð vegna jarðhita; Deiliskipulagsbreyting - 2506031**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. júlí 2025 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar úr landi L224243 vegna skilgreiningar á nýju iðnaðarsvæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.skiptulagsgatt.is/. Mál 1 - 2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 9. október 2025 með athugasemdarfresti til og með 31. október 2025. Mál 3 - 6 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 9. október 2025 með athugasemdarfresti til og með 21. nóvember 2025. Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.skiptulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Gestalistamaður októbermánaðar

Gestalistamaður Októbermánaðar í Gallery Listaseli á Selfossi er Sigurinn Sváfnsdóttir.

Formleg sýningaropnun er laugardaginn 11. október kl. 14-16. Allir eru velkomnir.

Sigurinn er fædd 1960. Hún er búsett á Selfossi, er menntaður hjúkrunarfræðingur og ljós-móðir.

Sýningin hér í Gallerí Listaseli er fyrsta einkasýning Sigurinnar.

Verkin sem hér eru sýnd eru ýmist unnin með olíu, akríl, vatnslitum, bleki eða blandaðri tækni. Innblástur sækir hún í náttúruna og upplifanir á innri og ytri veruleika lífsins.

Gallery Listasel er opið

virka daga 12-18, laugardaga og sunnudaga 12-16, lokað mánudaga.



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI**

897-4693

Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001

lagnaland@lagnaland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BRACAF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**TAXI
SELFOSSI**
SÍMI 482 3800

**HJÓLA-
STÓLABÍLL**
SÍMI 777 5422



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com **YFIR
20 ÁRA
REYNSLA**

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**



VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIRTÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG




510-1180 / 669-8441

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575

800SMIDI@GMAIL.COM



S: 692-2575

800 SMÍÐI

Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is